

EFTIRLITSSKÝRSLA sérstakt eftirlit

Dags. eftirlits: 23/8 2018

Nafn fyrirtækis: Landsvirkjun

Fjöldi klst: 8

Tengiliður fyrirtækis: Einar Erlingsson

Framkvæmdasvæði: Búrfellsvirkjun II

Ábyrgðarmaður eftirlits (UST): Björn Stefánsson

Tilgangur eftirlits: Að draga úr umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, frágangur náma og vinnusvæða.

Ábendingar:

Haugsvæði neðan aðkomuganga og haugsvæði við inntak. Þarna hefur landmótun tekist mjög vel sérstaklega við inntak.

Vatnstökusvæði sem staðsett er á sendinni eyri. Þarna eru nú plön úr nokkuð grófu efni sem stingur í stúf við sandinn til að draga úr sýnileika plananna mætti grafa skurð í sandinn framan við fláan, koma grófara efni í skurðinn og draga uppmokstur upp í fláann.

Vegur að Búrfellsskógi Frágangur og uppgræðsla hefur þarna tekist mjög vel. Ef ekki á að fjarlægja efni undan sprengiefnageymslu ætti að hafa samráð við Hekluskóga hvernig best er að skilja við svæðið m.t.t. gróðursetningar.


Vegfláar Best færi á því að reyna að hafa fláa nokkuð flatari eða 1:2-1:3.

Gróður Á efri hluta framkvæmdasvæðisins einkennist gróður af gisnu gróðurlendi þar sem skiptast á gróðurgeira í hlíðum með gróðurlitlum svæðum á milli. Reyna ætti við uppgræðslu á ná sömu ásýnd á röskuð svæði. Hafa ætti samráð við gróðursérfræðing Landsvirkjunar hvaða leiðir séu bestar að þessu markmiði, en æskilegt væri að gera sem fyrst áætlun um uppgræðslu og gróðurheimt Landsvirkjunar á svæðin þar sem hér er að líkindum um nokkurra ára verkefni að ræða.

Námur Frágangur er ekki hafinn í námum.

Niðurstaða eftirlits: Frágangur er ekki hafinn í námum. Annar frágangur mjög góður. Umgengni er góð.

Björn Stefánsson



f.h. Umhverfisstofnunar